

Reglugerð um bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu.

Um bikarmót

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu í öllum flokkum unglinga og fullorðinna karla og kvenna. Keppt skal í eftirtöldum flokkum:

	2017/2018*	2018/2019	2019/2020
Fullorðinsflokkur (FIS)	Allir 2001 og eldri	Allir 2002 og eldri	Allir 2003 og eldri
19-20 ára (FIS)	1998 og 1999	1999 og 2000	2000 og 2001
17-18 ára (FIS)	2000 og 2001	2001 og 2002	2002 og 2003
15-16 ára	2002 og 2003	2003 og 2004	2004 og 2005
13-14 ára	2004 og 2005	2005 og 2006	2006 og 2007

*Aldur reiknast miðað við almanaksárið 2018

Fjöldi móta skal vera eftirfarandi:

17 ára og eldri (FIS)	Þrjú bikarmót auk SMÍ
15-16 ára	Þrjú bikarmót auk UMÍ
13-14 ára	Tvö bikarmót auk UMÍ

2. Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðildarfélögum SKÍ. Á ráslistum og úrslitum þessara móta skal tilgreina hvaða félag keppandi keppir fyrir.
3. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við skíðagöngunefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur FIS um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrautir. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til skíðagöngunefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal skíðagöngunefnd úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis.
4. Á bikarmótum SKÍ skal hafa til hliðsjónar þær vegalengdir sem keppt er í á UMÍ og SMÍ. Vegalengdir og keppnisform ásamt göngutækninni skal ákvarðast af skíðagöngunefnd ár hvert.

5. Innheimt eru mótagjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.
6. Framkvæmdaaðilar móta láti stjórn SKÍ svo og öllum þátttökuhéruðum, félögum og samböndum mótsins í té eitt fullunnið eintak af mótaskýrslum sínum í lausblaðaformi.
7. Á bikarmótum skal vera eftirlitsmaður, sem skipaður er af SKÍ skv. reglugerð um eftirlitsmenn. Á FIS mótum (fyrir 17 ára og eldri) er eftirlitsmaður skipaður af FIS.
8. Skíðasamband Íslands skal fyrir 10. janúar ár hvert raða eftirlitsmönnum niður á Skíðamót Íslands, Unglingameistaramót Íslands, bikarmót og þau mót í héraði er sótt er um í skíðagöngu. Eftirlitsmenn skulu hafa lokið eftirlitsmannanámskeiði á vegum SKÍ eða sambærilegu námskeiði erlendis.
9. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur FIS um skíðamót.

Útreikningur á bikarstigum

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu í öllum flokkum 13 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr bikarmótum, Skíðamóti Íslands og Unglingameistaramóti Íslands. Til útreiknings í Bikarkeppni SKÍ í öllum flokkum koma öll mót til útreiknings í einstaklingskeppni.
2. Stigagjöf er þannig:

1.sæti	100 stig	11.sæti	24 stig	21.sæti	10 stig
2.sæti	80 stig	12.sæti	22 stig	22.sæti	9 stig
3.sæti	60 stig	13.sæti	20 stig	23.sæti	8 stig
4.sæti	50 stig	14.sæti	18 stig	24.sæti	7 stig
5.sæti	45 stig	15.sæti	16 stig	25.sæti	6 stig
6.sæti	40 stig	16.sæti	15 stig	26.sæti	5 stig
7.sæti	36 stig	17.sæti	14 stig	27.sæti	4 stig
8.sæti	32 stig	18.sæti	13 stig	28.sæti	3 stig
9.sæti	29 stig	19.sæti	12 stig	29.sæti	2 stig
10.sæti	26 stig	20.sæti	11 stig	30.sæti	1 stig



3. Ef einstaklingar á meðal þriggja efstu keppendanna eru jafnir að stigum eftir veturinn skal raðað eftir fjölda 1.sæta, 2.sæta, 3.sæta o.s.frv. Sé ekki hægt að gera upp á milli keppenda á þennan hátt, skulu báðir eða allir hljóta verðlaun samkvæmt sæti sínu.
4. Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þeir efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti.
5. Reikna skal saman stigafjölda hvers félags/ráðs fyrir sig sem það vinnur sér inn í unglingsflokkum (13-14 ára og 15-16 ára) og veita því stigahæsta verðlaun að loknu síðasta móti vetrarins. Einnig skal veita verðlaun til þess félags/ráðs sem hefur fengið flest samanlögð stig í öllum flokkum og skal það félag/ráð kallast Bikarmeistari SKÍ það árið og hljóta verðlaun að loknu síðasta móti. Hvert félag/ráð safnar stigum undir skráðu nafni.

Samþykkt á formannafundur SKÍ 14.okt 2017